

4. bekkur sjónlistir

Kennarar: Helga B. Helgadóttir

Lýsing

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat, þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta menningar. Nemendur fá að tjá sig og allir hafa hæfileika til að skapa.

Myndmennt er skapandi námsferli þar sem nemandi þróar leikni sína í ólíkum nálgunum t.d. í teikningu, málun, mótun, þrykki, klippiaðferð og skjámiðlum.

Markmið

Markmið með kennslu í sjónlistum hjá 4. bekk er að nemendur átti sig betur á mikilvægi myndbyggingar, læri mikilvægi skissugerðar sem hluti af vinnuferli og þekki hugtakið fjarvídd sem og að geta unnið einföld verk í fjarvídd með sjónhæðarlínu og hvarfapunkti. Einnig að geta teiknað mynd eftir uppstillingu og geti lýst skoðun sinni á myndlist.

Námsefni

Ýmis efni og áhöld.

Kennsluaðferðir

Verkefni frá kennara, einstaklingsvinna, umræður og fl.

Námsmat

Metin er frammistaða og vinnusemi.

Sjónlistir fyrir 1.- 4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Sjónlistir fyrir 1.- 4. bekk - Sjónlistir

- Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.
- Fjallað um eigin verk og annarra.
- Greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans.
- Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.
- Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins.
- Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.
- Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.
- Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.